Borgarstjórn
20. nóvember, 2018.

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um auknar fjárveitingar til SÁÁ

Borgarstjórn samþykkir að auka fjárframlög um 140 milljónir íslenskra króna til SÁÁ vegna skorts á stuðningi og úrræðum fyrir:

A. Búsetu og meðferðarúrræði fyrir tíu konur með alvarlega fíknisjúkdóma.
B. Stuðning og sálfræðiþjónustu við börn á aldrinum 8-18 sem eru aðstandendur fólks með fíknisjúkdóm auk sérhæfðs stuðnings með áherslu á foreldrafærni í þeirri viðleitni að styðja foreldra til bata.
C. Þjónustu við einstaklinga 25 ára og yngri sem eiga við áfengis- og fíknivanda að stríða.
D. Sérhæfðri eftirfylgni og stuðningsþjónustu við einstaklinga á aldrinum 50-75 ára með langvarandi fíknivanda stríða.

Greinargerð

I. Inngangur

Fíknivandi hefur aukist gríðarlega síðustu ár. Birtingarmyndir fíknivandans eru margskonar og hafa mikil áhrif á einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið allt. Breytt samfélagsmynd vegna aukins fíknivanda kallar á aðgerðir að hálfu stjórnvalda. Með auknu samstarfi við SÁÁ, Samtök áhugafólks um áfengis og vímuefnavanda, felast mikil tækifæri í að bæta þjónustu við íbúa Reykjavíkur með fíknivanda en skortur hefur verið á þjónustu og sérfræðiþekkingu á því sviði. Markmið tillögunnar er að auka þjónustu við íbúa Reykjavíkurborgar með fíknivanda. Ekkert búsetuúrræði er fyrir konur með langvarandi fíknivanda en Reykjavíkurborg rekur sambærilegt úrræði fyrir karlmenn í þessum aðstæðum, mikilvægt er að jafna stöðu kvenna hvað þetta varðar. Einnig er vöntun á þjónustu við fjölskyldur með fíknivanda. Skortur er á sérhæfðri þjónustu fyrir einstaklinga 25 ára og yngri í formi snemmíhlutunar, meðferðar og eftirfylgni. Auk þess þarf að bregðast við þeim aðstæðum sem einstaklingar með langvarandi fíknivanda á aldrinum 50-75 ára búa við markmið með það að markmiði að stuðla að félagslegri virkni og veita stuðning til lífs án vímuefna. Reykjavík sem stærsta sveitarfélagið á vera leiðandi og setja gott fordæmi í að styðja við þá hópa sem hafa misstígið sig og hjálpa þeim aftur út í lífið án vímuefna. Enn fremur á Reykjavík að vera leiðandi í að styrkja forvarnir með það að markmiði að fyrirbyggja að aðrir og sérstaklega þeir sem teljast vera í áhættuhópum fari út af beinu brautinni. Jafnframt er mikilvægt að ríkið auki enn frekar framlög sín til stuðnings heilbrigðisþátt fíknivandans. Núverandi þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við SÁÁ um rekstur búsetuúrræðis fyrir karlmenn eru 18.231.304 króna á ári auk þess er styrktarsamningur milli SÁÁ og Velferðarsviðs fyrir árið 2018 að andvirði 19.000.000 króna.

II. Hluti A – Búsetuúrræði fyrir konur með langvarandi fíknivanda

Markmið með búsetuúrræðinu er að veita konum með langvarandi fíknivanda meðferð og stuðning til bata en ekkert slíkt úrræði er fyrir hendi hjá Reykjavíkurborg í dag. SÁÁ rekur úrræðið Vin, í samstarfi við Reykjavíkurborg sem er sambærilegt úrræði fyrir karlmenn. Markhópur þessa úrræðis eru konur með alvarlegan fíknisjúkdóm sem eru í erfiðri félagslegri stöðu og hafa gert margar árangurslausar tilraunir til að hætta vímuefnaneyslu. Gert er ráð fyrir að endurhæfingin taki 6-18 mánuði þar sem konurnar aðlagast nýju umhverfi og komast í virkni við hæfi í formi vinnu og/eða betra fjölskyldulífs. Meðferð með langvarandi félagslegum stuðningi eykur líkur á bata allverulega.
Heimilið er opið allt árið og er viðvera starfsmanna átta klst. á sólarhring, ásamt sólarhrings bakvöktum. Starfsmenn séu áfengis- og vímuefnaráðgjafar með full réttindi sem vinna undir faglegri stjórn SÁÁ. Ábyrgðaraðili skal vera áfengis- og vímuefnaráðgjafi með full réttindi og vinna undir faglegri stjórn SÁÁ. Ennfremur munu þjónustuþegar hafa greiðan aðgang að

lækni, sálfræðingi og hjúkrunarfræðingi með sérþekkingu á meðferð geðrænna sjúkdóma og fíknivanda, auk aðgangs að félagsráðgjafa. Þá er samstarf við Reykjavíkurborg mikilvægt til þess að tryggja samfellu við útskrift úrræðisins.

III. Hluti B – Stuðningur við fjölskyldur einstaklinga með fíknivanda

Ungir foreldrar í meðferð við fíknisjúkdómi eru fjölmargir. Mikilvægt er að veita þessum hóp sérhæfðan stuðnings og þjónustu til bata. Einstaklingar sem tilheyra þessum hópi eru oft á tíðum í viðkvæmri félagslegri stöðu en þjónustan myndi styðja við þá með endurhæfingu sem legði áherslu á virkni og lífstílsbreytingu án vímuefna, auk foreldrafærni og stuðning til þátttöku í námi eða atvinnu. Einnig yrði efld sálfræðiþjónusta til barna á aldrinum 8-18 ára sem eru aðstandendur fólks með fíknisjúkdóm. Samvinna við Reykjavíkurborg um félagslegan stuðning á meðan endurhæfing í átt að bata fer fram er afar mikilvæg.

IV. Hluti C – Fjölþætt þjónusta fyrir einstaklinga 25 ára og yngri með fíknivanda

Skortur er á þjónustu fyrir einstaklinga 25 ára og yngri með fíknivanda. Aukin þjónusta í formi snemmíhlutunar, íhlutunar og eftirfylgni væri skref í rétta átt fyrir ungt fólk með fíknivandamál. Í samvinnu við Reykjavíkurborg yrði starf SÁÁ í formi snemmíhlutunar, íhlutunar og eftirfylgni.
Snemmíhlutun felur í sér sérhæfða fræðslu, uppbyggjandi námskeið og sjálfseflandi úrræði fyrir börn sem eru talin vera í áhættuhópi gagnvart því að þróa með sér fíknisjúkdóm. Íhlutun felur í sér viðtöl við sérfræðinga SÁÁ, hópmeðferðir og samtalsmeðferðir með foreldrum. Sérhæfð eftirfylgni er í formi færninámskeiða og sjálfsstyrkingar á vegum SÁÁ, auk samstarfs við þjónustumiðstöðvar borgarinnar með áherslu á þátttöku í tómstundastarfi og íþróttum.
Ungmenni sem eru nýkomin úr meðferð þurfa mikinn stuðning og aðstoð til að ná virkni í lífinu. Mikil hætta er á félagslegum vandamálum ef ekki tekst að styðja þennan hóp til sjálfstæðis í eigin tilveru. Mörg þessara ungmenna eru nú þegar í þjónustu SÁÁ og því augljóst að tækifæri felast í því að tryggja samfellu þjónustuleiða.

V. Hluti D – Eftirfylgni og stuðningur við einstaklinga á aldrinum 50-75 ára með langvarandi fíknivanda

Þjónusta að meðferð lokinni fyrir einstaklinga á aldrinum 50-75 ára sem hafa átt við langvarandi fíknivanda er af skornum skammti. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að þessi aldurshópur hefur átt erfitt með að fóta sig í lífinu án vímuefna eftir meðferð. Félagsleg staða þessara einstaklinga, auk líkamlegra kvilla og sjúkdóma sem eru algengar afleiðingar langvarandi fíknivanda þeirra, kalla á sérhæfða stuðningsþjónustu fyrir þennan hóp. Markmið sérhæfðrar þjónustu er að stuðla að félagslegri virkni, bjóða upp á þjónustu sem vinnur gegn einangrun og að aðstoða með lífsstílsbreytingar án vímuefna og virkni. Fyrir þennan hóp felast tækifæri og von um betra líf í auknu samstarfi á milli þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar og SÁÁ.

VI. Kostnaðaráætlun

A-hluti tillögunar kostar 65 milljónir á ári auk 10 milljóna stofnkostnaðar fyrsta árið. B-,C- og D-hlutar tillögunar kosta vegna samlegðaráhrifa samtals 65 milljónir á ári. Heildarkostnaður tillögunar eru 140 milljónir króna fyrsta árið en lækkar niður í 130 milljónir á öðru samningsári. Þjónustusamningur yrði endurskoðaður árlega frá gildistöku samnings.

VII. Fjármögnun

Tillagan er fjármögnuð með niðurskurði í miðlægri stjórnsýslu borgarinnar um 2,4% en áætlaður rekstrarkostnaður við miðlæga stjórnsýslu Reykjavíkurborgar nemur fyrir árið 2019 skv. áætlun 5,857 milljörðum íslenskra króna.